

# DALRÚN KALDAKVÍSL

## Köldukvíslarkver

### 1. kapituli: Að lofa á



Ég sekk í faðm þinn, Kaldakvísl. Hverf undir þinn forna foss, oní þinn djúpa hyl, þar sem árhúmið dvelur og tíminn leysist upp í fjarveru sólar. Ég sekk dýpra og dýpra, uns hylur þinn verður heimur minn – kyrr og kaldur. Þar, í iðrum þínum, heyrir ég á foss þinn aldna steypast að ofan – hann rennur með látum í hlustir mínar; Heyr, ár smiður, / hvers skáldið biður, / komi mjúk til mín / miskunnin þín. / Því heit eg á þig, / þú hefur skaptan mig.<sup>1</sup>

Hér í bláköldu dýpi þínu, undir faldi fossins, heiti ég þér að fanga þig, Kaldakvísl í Mosfellsdal. Þig sem hefur skaptan mig frá bernsku. Ég skal fanga þig og varðveita með orðum og myndum; penna, hljóðupptökutæki og kvikmyndavél.

<sup>1</sup> Hér er vitnað í 13. aldar sálminn *Heyr, himna smiður* eftir Kolbein Tumason. Höfundur þessarar greinar tók sér skáldaleyfi með því að breyta upphafslínu sálmsins, það er „Heyr, himna smiður“ í „Heyr, ár smiður“.



Ég skal fanga aðalfarveg þinn, læki þína og lindir, varma þinn og kulda. Ég skal fanga vatnafiska þína alla, frá heiði til hafs, frá seiðastigi til endadægurs. Ég skal fanga árstíðabundna ásýnd þína og hljóma, á stillidögum er þú seytlar niður fjallshlíðarnar, í vatnsveðrum er þú beljar niður eyrnarnar. Og ég skal fanga minningar um þig; lifandi árminningar sem kvíslast í hugum dalbúa og ritad- ar árminningar látinna dalbúa. Þig skal ég fanga flæðandi og færa í fast form – Kaldakvísl.

Ég flýt upp úr hylldýpi þínu í átt að ljósinu. Flýt upp, upp, uns andlit mitt rýfur yfirborð þitt og við tekur annar heimur þar sem ég dreg lífsandann. Ég syndi að sorfnum klettum þínum, Kaldakvísl, reisi mig upp á bakka þína – en hugur minn varð eftir í hylnum, þar sem hann dvelur enn.

## 2. *kapítuli: Að muna á*



„Þegar ég fer að hugsa um þetta núna á mínum fullorðinsárum, þá finnst mér þetta alveg ótrúlegt, hvað það er hægt að hugsa ævina út frá mörgum hliðum – eins og við erum að gera núna, að hugsa ævi mína út frá Köldukvísl,“ sagði Bjarni Bjarnason (f. 1936) bóndi á Hraðastöðum í ofanverðum Mosfellsdal. Ævifarvegur Bjarna, líkt og árfarvegur Köldukvíslar, rennur í gegnum aldna jökulrás, Mosfellsdalinn. Dalurinn afmarkast af Mosfellsheiðinni til austurs, fjöllunum og fellunum í norður- og suðurátt, og sjónbaugnum til vesturs þar sem glittir í hafsbrúnina: „Lífið er búið að vera margbreytilegt hjá mér en líka fátæklegt – maður er alltaf á sama stað. Ég er uppalinn á sömu þúfunni og það er ekkert um það að segja eiginlega,“ sagði Bjarni með rödd sem rann tær og þýð, eins og lækjarniður undir ísalögum.

Tilvera Bjarna bónda, líkt og tilvera Köldukvíslar, er ekki annáluð í sögulegum skilningi. Ár eins og Kaldakvísl eru iðulega lítið til tals í mannfélaginu. Kaldakvísl í Mosfellsdal er ei stóra líkt og nafna hennar á hálendinu, hún er ei sögulegur farartálmi, hún er ei virkjað fljót og engir sögufrægir atburðir hafa átt sér stað á lágreistum bökkum hennar. En þessi fósturá mín býr að látlausri fegurð og hugrænum áhrifum sem spanna vatnasvið hennar, allt frá fallhæsta fossinum til minnstu lækjarspræunnar. Kaldakvísl er eins konar hvunndagsá. Í henni býr enginn rosti, aðeins hógværð. Saga Köldukvíslar markast ekki af fléttum og hvörfum, heldur líður hún áfram í einfaldleik sínum – og í því felst fegurð hennar; hún er alþýðuá í íslenskri náttúru. Fegurð Köldukvíslar er bundin við hið smáa, líkt og ævi bóndans, alþýðumannsins og árbróður míns Bjarna: „Lífið samanstendur af smáatriðum sem engu skipta, nema fyrir mig,“ sagði Bjarni. „Hérna inn með ánni þekkti ég hvern stein og þúfu bara strax sem barn. Það er ekkert af þessu merkilegt, allt það sem við erum búin að vera að tala um, Dalrún – þetta eru smáatriði, það hefur ekki skeð neitt stórt í kringum mig.“



Ár eru líkt og hliðarheimar í mannheimum. Hvur á rennur eftir sínum farvegi, með sína fiskistofna og vatnasögu. Þessi ferskvatnsríki, sem eru okkur nærri en samt svo fjarri, hafa sorfið Íslendinga í aldanna rás líkt og steinvölu í iðukasti tímans. En misjafnt er hve mikið menn markast af straumvötnum – nokkuð sem ræðst af sambandi þeirra við vatnakerfi landsins. Við Bjarni ólumst upp í sömu fjarlægð frá Köldukvísl og hennar vatnanið. Í reynd ólumst við upp innan

sömu bæjarveggjanna. Forfeður Bjarna fluttust á landnámsjörðina Hraðastaði og þar bjó þetta sveitafolk búi sínu í nær eina og hálfu öld, uns foreldrar mínir, Jóhannes Sturlaugsson fiskifræðingur og Eygerður Guðbrandsdóttir íslenskukennari, keyptu gamla Hraðastaðabæinn – fæðingarárið mitt, 1989. En bóndinn Bjarni skildi aldrei við æskustöðvar sínar og æskuá. Bjarni og kona hans Klara Þórðardóttir byggðu sér íveruhús á Hraðastaðalandinu, sunnan megin við gamla Hraðastaðabæinn, þar sem þau dvelja enn. Og líkt og Bjarni hélt ég aldrei á útmið heimsins heldur byggði ég mér kot á heimamiðum, norðan megin



við gamla Hraðastaðabæinn, með útsýni yfir ána, og nefndi það Kaldakot. Við Bjarni erum sumsé nágrannar á vorum uppeldisstöðvum.

Ég hafði oftast en einu sinni beðið Bjarna um að leyfa mér að skrá samband hans við heimaána okkar. Fyrst neitaði hann, svo neitaði hann aftur, svo neitaði hann aftur – og lét eftirfarandi orð fylgja með: „Ég hef ekkert merkilegt að segja.“ Og þá svaraði ég: „Ég kem bara á morgun, Bjarni.“ – „Já komdu þá,“ sagði hann Bjarni með semingi. Daginn eftir leiddi hann mig með orðum sínum upp árfarveg þinn, Kaldakvísl, á móti straumi þínum og tímans; Bjarni leiddi mig að minningarland sem á upptök sín við þinn ófiskgenga Helgufoss á Mosfellsheiðarbrúnninni, við rætur Grímannsfells, þar sem heiðareyðibýlið Bringur horfir yfir dalinn og alla leið út á haf.

**Bjarni:** Þegar ég var barn að aldri þá var kindum beitt miklu meira heldur en núna. Það var svo erfitt að afla heyjanna. Þá var algennt að beita fé allt árið. Ef það gerði byl eða vont veður þá þurftu þær að vera við hús – þá fór ég upp fyrir kindurnar og rak þær heim á leið. Þær leituðu upp úr í grösin alveg upp á heiði, ég þurfti stundum að fara alveg austur að sæluhúsi sem er á heiðinni. Það var enginn annar til að gera það.

**Ég:** Varstu alltaf einn?

**Bjarni:** Já alltaf einn – og hafði nú mikið yndi af því. Ég kom stundum við í Bringunum sem voru þá í byggð, fékk pönnuköku hjá Guðrúnu gömlu Snorradóttur (1880–1983). Hún veifaði mér þegar ég gekk fram hjá. Mér þótti þær góðar pönnukökurnar hjá henni. Hún hafði gaman af þessu, að gefa stráknum pönnukökur. Þá var ég sex eða sjö ára, orðinn fullgildur smali sjálfsagt; þekkti mig náttúrulega alveg um allt. Bærinn Bringur var nú bara sæmilegur í þá daga. Þar bjó Hallur Jónsson (1891–1968) og ráðskona hans Guðrún gamla. Mér fannst hún svolítið ellileg – hún var stór minnir mig.

**Ég:** Spurði Guðrún fréttu?

**Bjarni:** Já, auðvitað hefur hún fengið fréttir, ef ég átti einhverjar fréttir – ég átti auðvitað engar fréttir nema úr daglegu stríti. Hún hafði mjög gaman af því að fá strákinn í heimsókn. Síðustu árin veifaði hún laki út um gluggann svo ég kæmi örugglega við. Þegar ég labbaði upp með ánni þá byrjaði hún að veifa – það komu svo fáir þarna. Það vissi enginn af þessum fossi nema ég.

**Ég:** En hinir dalbúarnir, vissu þeir ekki af honum?

**Bjarni:** Þeir áttu aldrei leið þarna um. – Þegar ég borðaði pönnukökuna hjá Guðrúnu gömlu, þá tyllti ég mér niður við útidyrnar sem voru sunnan

í móti. Þá blasti Helgufoss beint við, og þar heyrðust hljóðin í honum. Ég horfði á fossinn á meðan ég borðaði pönnukökuna.

**Ég:** Hvernig myndir þú lýsa hljómi Helgufoss?

**Bjarni:** Hljóðið í fossinum fór alveg eftir veðri og vindum. Ég þekkti það nú ekki, mér var sagt það að fossinn breyttist eftir því hve mikill vindur var í blæstrinum.

**Ég:** Hvar sagði þér það?

**Bjarni:** Guðrún gamla og Hallur, sem bjuggu þarna – og svo saumakonan okkar, Jórunn Halldórsdóttir (1891–1980) – en hún var af allt öðru bergi. Hún var uppalin í Bringunum. Jórunn var alltaf einhleyp kona, hún fór á milli bæja og saumaði á krakkana og kallana. Hún gisti hérna á Hraðastöðum í eina viku á meðan hún var að sauma á okkur krakkana föt. Þá talaði hún mikið um Bringurnar; hún var að segja mér frá heita vatninu. Það var heitt vatn þarna, ekki mjög heitt en svona volgt, í landinu; það var bara 17 stiga heitt.<sup>2</sup>

Að kynnast Köldukvísl út frá hugarsýn eldri innborinna dalbúa, ársystra minna og árbræðra sem hafa lifað með ánni alla sína tíð, er sérstæð viðkyrning. Það er líkt og að feta góðkunnan árfarveg í draumi, þar sem hvor smálæna, hvor bugða og bakki, fær á sig nýtt andlit. Fljótt rennur upp fyrir manni hið óumflýjanlega, að áin þín er ekki þín, heldur engra. Áin er sín eigin á. Hún rennur í gegnum hvunnadaga dalbúa, öld fram af öld, situr eftir í minni sumra, meðan aðrir gleyma niði hennar, vatnsborði hennar, iðuköstum hennar – en hún skeytir engu um það, áfram hún rennur. Og rennur enn á meðan ég skrifa þessi orð og mun renna áfram að skrifunum loknum. Hvernig festa menn sírennandi vatn í minni sér?

Gnótt samtala sem ég hef átt við Íslendinga um samband þeirra við ferskvatnið, sem og yfirferð mín á hvurskyns bókmenntum er taka til vatnasögunnar, vitna um fjöldamörg tengsl manna við ferskvatnið. Margar eru minningar kvenna sem þvoðu þvotta sína í ám og lækjum, líka þeirra er sóttu vatn til brúkonar, þeirra sem veiddu sér fisk til matar, þeirra sem óðu yfir ískaldar ár á ferðum sínum og þeirra er syrgðu börn sem drukknuðu í bæjarlækjum – svo fáeinar ferskvatnsminningar séu nefndar. Eftir því sem samtölum mínum og lestri hefur undið fram í gegnum árin, hefur einlægt komið betur í ljós sá sannleikur að vatnið hefur hvað djúpstæðust tengsl við barnæsku manna; ferskvatnið stendur mönnum gjarnan í barnsminni. Það er ekki að undra, því það er á þeim tíma ævinnar sem maðurinn leitar hvað mest í ár, læki, tjarnir og vötn; leikur sér í þeim,

<sup>2</sup> Bjarni Bjarnason (f. 1936), viðtal við höfund, Mosfellsdal, 2024.



syndir í þeim og dreymir heiða drauma á bökkum þeirra. Þannig leiða samtöl og lestur um ár gjarnan hlustandann og lesandann á æskuslóðir ársögumansins, líkt og raunin var í samtali mínu við Bjarna bónda, sem í fyrndinni var smaldrengur við á: „Maður elst upp við þetta sem barn, það er svo mikið öðruvísi heldur en að upplifa þetta fullorðinn – þá sér maður kannski ekki landið. Ef þú sendir einhvern tvítugan í dag upp að Helgufossi, honum finnst þetta bara grýtt og leiðinlegt, að klöngrast þetta, tekur ekki eftir fegurðinni. Ég held að fegurðin vaxi svona með manni,“ sagði Bjarni við mig fjarhuga er hann reifaði einveru smalans við Köldukvísl. Mér var þá hugsað til löngu látins manns sem hafði búið að sömu fegurð og Bjarni, fegurð sem hafði líka vaxið með honum frá því hann var ungur smali við Köldukvísl, uns einn daginn á gamalsaldri að hann festi þá fegurð á blað í bók sinni *Lengi man til lítilla stunda*; „bezta skemmtan mín var að fara um heiðar og fjöllin í kring, en oftast einn, svo ekki naut ég tilsagnar,“

skrifaði rithöfundurinn Eyjólfur Guðmundsson (1870–1954) frá Hvoli, sem flutti ásamt fjölskyldu sinni úr Vestur-Skaftafellssýslu að Laxnesi í Mosfellsdal árið 1888. Í elli sinni mundi Eyjólfur tóna Helgufoss sem hljómuðu í ungdómi hans undir lok 19. aldar – tóna sem Bjarni nam mörgum áratugum síðar, og ég nú. – Hve hátt glymur þú í tímans rúmi Helgufoss!

**Úr skrifum Eyjólfis:** Tveir bæir voru í smaleið og þar fáa að hitta. Í Bringnakotinu var hrossaketsfýla langt út frá kotinu, hvað þá heldur inni; að þiggja þar góðgjörð var ómögulegt, og hins vegar var mér í nöp við hús-bóndann. Litli fossinn þar í gilinu skammt frá bæjarveggnum var þar einn til þess að gera manni hugbreytingu. Hann kvað og kvað lágværan óð og minnti á algengt kvæði, sem þá var á hvers manns munn: Ein fögur eik hjá fossi stóð.<sup>3</sup>

Og fossinn kunni ljóða leik,  
sem lék hann dag og nætur,  
og söng hann blítt um svása eik,  
er sínar hafði rætur  
þar fest hjá dimmu djúpi hans  
og dafnað hans við síðu  
og lét nú brosa laufa krans  
við ljósi sólar blíðu.

Og eikin ljósum laufum skreytt  
á ljóða hlýddi sögur,  
og fossinn unni henni heitt,  
því hún var ung og fögur.  
Og oft hann kvað: „Ég elska þig, ég elska fegurð þína“,  
og loks hann kvað: „Æ kystu  
mig,  
æ kystu báru mína.“<sup>4</sup>

<sup>3</sup> Eyjólfur Guðmundsson, *Lengi man til litilla stunda*, Reykjavík: Mál og menning, 1948, bls. 173.

<sup>4</sup> Páll J. Árdal, „Fossinn og eikin“, *Skuld* 2. desember 1879, bls. 1.



### 3. *kapítuli: Að finna upptök ár*



Kaldakvísl er um tólf kílómetra vatnsfall. Í hana berst sigvatn heiðarinnar, næringarríkir heiðarlækir, súrefnisríkir fjallalækir, tært vatn og gruggugt leysingavatn úr óteljandi sprænum, skorningum, vatnsæðum, þverám og uppsprettum dalsins – hún Kaldakvísl er sumsé dragá. En líkt og allar dragár á hún sinn upphafspunkt. Ár líkt og bækur skiptast upp í kafla. Þegar ég hugsa um Köldukvísl þá hugsa ég tíðast um þann hluta hennar sem rennur í nánd við heimili mitt, því þann árkafla hef ég alla mína dala tíð haft fyrir augunum og í eyrunum. Hver dalbúi þekkir sinn árkafla best. En blábyrjun Köldukvíslar er hulin sjónum allra dalbúa – því upptökin eru á Mosfellsheiði, austan við Grímannsfell.<sup>5</sup> Upphafskaffi árinna markast af ferðalagi hennar niður heiðarlandið þar sem hún að endingu þræðir smágljúfur meðfram rótum fjallsins uns hún steypist fram af heiðarbrúninni sem Helgufoss.

<sup>5</sup> Sjá um Mosfellsheiði: Bjarki Bjarnason, Jón Svanþórsson, Margrét Sveinbjörnsdóttir, *Mosfellsheiði. Landslag, leiðir og saga*, Reykjavík: Ferðafélag Íslands, 2019.



Hvur var þessi Helga, sem foss þinn er kenndur við, Kaldakvísl? Máskæ er þá kvennasögu að finna í skrifum dalamannsins Magnúsar Grímssonar (1825–1860) á Mosfelli, sem einna fyrstur manna á Íslandi hóf að safna munnmælasögum. Í riti Magnúsar segir að fossinn sé kenndur við Helgu Bárðardóttur í fornsögunni *Bárðar sögu Snæfellsáss* – konu sem ég hef haldið fram að sé fyrsta förukona landsins.<sup>6</sup> Í fornsögunni segir: „Eigi undi Helga hjá föður sínum ok hvarf þaðan í burt

<sup>6</sup> Dalrún Kaldakvísl Eygerðardóttir, *Jaðarkvennasaga. Förukonur og einsetukonur á Íslandi*,

ok þýddist hvárki nálíga menn né fénað eða herbergi. Var hon þá oftast í hreysum eða hólum.“<sup>7</sup> „Segja sumir,“ skrifar Magnús Grímsson, „að Helga, dóttir Bárðar Snæfellsáss, hafi hafzt hér við um“ á svæðinu við Helgufoss. Ég tek þær munnmælasagnir sem Magnús skráði um Helgufoss trúanlegar; að Helgufoss sé kenndur við Helgu Bárðardóttur, að fossinn hafi seiðmagn er dró að sér þessa fornfrægu konu sem eirði hvergi nema við Köldukvísl. Ætla má að þessi fagri mildi foss úr alfaraleið, hafi verið harmaskjól kvenna um aldir alda. Um það vitna hið minnsta spekúlasjónir Magnúsar Grímssonar sáluga á Mosfelli – og minningar Bjarna bónda á Hraðastöðum af heimilislausri jaðarkonu í Reykjavík sem sótti Helgufoss heim á síðustu öld.

**Bjarni:** Síðar var önnur ráðskona hjá Halli í Bringum [við Helgufoss], gleðikona, sem var dálítið lengi hjá honum. Vestmannaeyja-Anna var hún kölluð. Þegar hún kom full úr bænum kom hún við á Hraðastöðum og bað mig að keyra sig þangað: „Þú verður nú að keyra mig upp í Bringur því ég á afmæli í dag.“ Ég keyrði hana oft upp í Bringur þegar hún kom full úr bænum – þessi gleðikona.

**Ég:** Hvernig komst hún hingað?

**Bjarni:** Hún kom með rútunni eða leigubíl. Þetta var myndarkona þannig lagað. Hallur var töluvert eldri.

**Ég:** Var Anna lengi ráðskona hjá honum?

**Bjarni:** Já, hún var þarna í töluvert langan tíma.

**Ég:** Við Helgufoss.

**Bjarni:** Já.<sup>8</sup>

**Úr skrifum Magnúsar Grímssonar:** Foss er þar í ánni skammt fyrir ofan selið, hár og fagr, sem heitir Helgufoss, og blasir hann við selinu. Fram undan selinu er hamrahóll allmikill, hérumbil þriggja til fjögurra faðma hár, toppmyndaður. Stendr hann einstakur á sléttu fram við ána sjálfa. Hann heitir Helguhóll, og á Helga að hafa gengið í hann í elli sinni, og aldrei komið út aprt.<sup>9</sup>

---

Mosfellsdalur: Dalrún Kaldakvísl, 2020, bls. 149.

<sup>7</sup> *Bárðar saga Snæfellsás, Íslendingasögur* 3. bindi, útg. Guðni Jónsson, Reykjavík: Íslendingasagnaútgáfan, 1953, bls. 313.

<sup>8</sup> Bjarni Bjarnason (f. 1936), viðtal við höfund, Mosfellsdal, 2024. Fjallað er um Vestmannaeyja-Önnu í ævisögu Laufeyjar Jakobsdóttur: Ragnheiður Davíðsdóttir, *Lífsbók Laufeyjar*, Reykjavík: Frjálst framtak, 1989, bls. 146–147.

<sup>9</sup> Magnús Grímsson, „Athugasemdir við Egils sögu Skallagrímssonar“, *Safn til sögu*



Sá er hlustar á dunandi tóna Helgufoss í Köldukvísl, nemur ef til vill lágstemmdan undirleik berast að ofan – en slíkt er eingöngu á færi hinna næmustu heyranda. Ég er hér að vísa til undirleiks fagurs falins smáfoss sem steypist í fagurgryttan hyl fyrir ofan Helgufoss. Hljómur og ásýnd þess smáfoss eru yfirskygð af Helgufossi og hans fallhæð – líkt og gjarnt er um smærri fossa sem falla í nánd við stærri fossa. Og sem verið væri að strá salti í fossasárin, þá var þessum smáfossi heiðarmegin við Helgufoss gefið hið auðmjúka heiti Litlifoss. Helgufoss og Litlifoss eru ófiskgengir fossar. Sá sannleikur skiptir hér máli, því ég beini nú máli mínu að huldufiski í Köldukvísl sem eldri bróðir minn Guðbrandur sá sem drengur í hylnum fyrir neðan Litlafoss. Bróðir minn gat allt eins sagst hafa séð vatnaskrímsli, því enginn fiskur ku vera í ánni fyrir ofan Helgufoss og Litlafoss. Engu að síður er það dagsatt að bróðir minn starði í augu huldufisks í hylnum, þar sem fossinn smái fellur niður. „Var hann stór?“ spurði ég bróður minn og leit upp á hann með tilþrifum sem börnum er einum lagið: „Hann var svona stór,“ sagði Guðbrandur og rétti út hendur sínar til að mæla út, í minningunni, tveggja punda fisk. „Og hvurnig var hann á litinn?“ spurði ég um hæl. „Spurðu mig frekar hvurnig augun á honum voru á litinn, því við stórðum mjög lengi í augun hvor á öðrum,“ svaraði bróðir minn, „augun voru bikasvört.“ Huldufiskur sá er

---

*Íslands og íslenzkra bókmenta að fornu og nýju*, 2. bindi, Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmenntafjelag, bls. 272.

Í anda kynjaveira sem fyrirfinnast upp til heiða, á mörkum mannabyggða. Ég hef sjálf kafað í þessum hyl, leitað þar að huldufiski í gegnum árin, nú síðast fyrir fáeinum mánuðum síðan, en hef ei séð neina kvika hreyfingu í hylnum. Þessi fiskur, millum tveggja ófiskgengra fossa, hefur lifað í vitund minni frá barnæsku – þar hefur hann táknað allt hið óræða í ánni minni, dulúð hennar og kynngi á upphafsslóðum hennar á Mosfellsheiðinni.



4. *kapítuli: Að elska á*

„Mér þykir vænt um þessa á,“ sagði Guðný Halldórsdóttir (f. 1954) í Melkoti með sínum hyldjúpa málrómi, „ég fylgist voðalega vel með henni.“ Guðný leit út um gluggann, í átt að Köldukvísl – og fékk sér smók: „Jónselslækur rennur hérna í ána og úr þeim læk kemur mikill mýrarrauði. Það er gaman að standa þar sem lækurinn endar, þar sem hann lekur í ána; á þeirri mesópótamíu er liturinn öðruvísi – það er svo mikið rautt í Jónselslæknum.“ Þennan eftirmiðdag í Mosfellsdalnum upphófst sagnaflaumur sem rann án hlés að eyrum mér. Stóð ég undir sagnafossi er eina orðasambandið sem getur lýst þeirri upplifan að heyra á Köldukvíslarræðu Guðnýjar.

Faðir Guðnýjar, dalaskáldið Halldór Laxness Guðjónsson (1902–1998) sem ólst upp á bökkum Köldukvíslar í Laxnesi, skrifaði forðum: „Margir segjast þekkja fólk af plássum þaðan sem það kemur, og mér hefur stundum fundist fólk hafi tekið á sig blæ af náttúru þar sem það er borið og barnfætt.“<sup>10</sup> Allt frá því ég var dalabarn hefur Guðný Halldórsdóttir verið gljúfrakona í mínum huga – ef ég hefði fæðst öldinni fyrr hefði ég ef til vill leyft mér að segja tröllkona; raddmikil, hrjúf og harðgerð kona, djúpvitur og forn – og ævarandi barngóð. Kona þessi er fædd og uppalin við hljómfegurstu gljúfur Köldukvíslar, í hvítu háreistu steinhúsi sem ber heitið Gljúfrasteinn og var byggt af foreldrum hennar, dalahúsfreyjunni Auði og dalaskáldinu Halldóri – sá er skrifaði dalabibliurnar tvær, *Innansveitarkroniku* og *Í túninu heima*.

<sup>10</sup> Halldór Laxness, *Seisejú, mikil ósköp*, Reykjavík: Helgafell, 1977, bls. 51.



**Guðný:** Maður er náttúrulega alinn upp við þessa á og niðinn af henni. Hún stendur svo nálægt Gljúfrasteini – þetta væri bannað núna í erfiðu byggingalöggjöfinni á Íslandi að vera með húsið svona nálægt ánni; það verða að vera 50 metrar núna. En semsagt, það var alltaf niður af henni. Og svo þegar að það fraus á veturna þá hugsaði maður: „Bíddu, það vantar eitthvað,“ því maður var svo vanur þessu hljóði í ánni, þessum árníð – það kom þá svo mikil þögn.<sup>11</sup>

Guðný hefur skapað kvikmyndir alla sína fullorðinsúð, og líkt og fleiri dalbúar sem stunda sína vinnu á heimilum sínum (að höfundi meðtöldum) brýtur hún upp daginn með gönguferðum: „Það er ofsalega gaman að fara í svona göngutúra meðfram vatni, meðfram á, þar sem alltaf eitthvað nýtt er að gerast. Það er skemmtilegra heldur en að labba eitthvað út í buskann – að hafa ána til að fylgjast með.“ Ég hef löngum mætt Guðnýju á daglegum göngum mínum meðfram Köldukvísl þegar ég er að fara að gefa hröfnunum. Árgöngur okkar Guðnýjar hafa sumsé skarast í gegnum árin. Aldrei man ég þó eftir því að hafa spurt Guðnýju um tengsl hennar við ána sem hún ólst upp við og hefur lifað í sambyli við alla tíð síðan. Þegar ég spurði síðan Guðnýju einn daladaginn hvort ég mætti skrásetja minningar hennar tengdar Köldukvísl – þá var eins og ég hefði spurt hana hvort hún gæti sagt mér hvað tímanum liði; svo sjálfsgöð var beiðnin í hennar augum og einhvurn veginn eðlileg. „Já, komdu bara upp í Melkot Dalrún mín, ég skal segja þér frá ánni okkar.“

<sup>11</sup> Guðný Halldórsdóttir (f. 1954), viðtal við höfund, Mosfellsdal, 2024.



Guðnýju hef ég þekkt frá því ég var barn, allt frá þeim dögum er ég og aldavinkona mín og systurdóttir Guðnýjar, hún Dóra Lena Sigríðardóttir, mæltum eftirfarandi orð innan veggja Melkots: „Komum að leika!“ – sem ku vera fegursta orðasamband Íslandssögunnar. Þá kallaði Guðný með sinni glymjandi röddu: „Farið út að leika!“ – og það gerðum við Dóra. Við héldum út með dúkkur og plastbáta að hyljum Köldukvíslar, þangað sem tvær dalastúlkur syntu mörgum áratugum fyrr; Guðný og eldri systir hennar, hún Sigríður mín Halldórsdóttir.

**Guðný:** Áin var notuð mikið af krökkum þegar krakkar máttu leika sér úti. Nú mega krakkar ekki leika sér úti því það er svo mikil hætta á að þau deyi, þau verða að vera inni í tölvunni í hlýjunni, svo þau deyi ekki [glottir]. Þegar við vorum krakkar þá syntum við mikið í hylnum hérna fyrir neðan, og það var oft synt í hylnum við Helgufoss á heitum sólardögum, þá var áin léttvög. Það var yndislegt að synda í þessum hyljum, maður þekkir steinana.





Steinar, klappir, gljúfur og grjót komu gjarnan til tals í ársögunni hennar Guðnýjar þennan daginn – líkt og sögupersónur sem voru henni ofarlega í huga, er hún rifjaði upp 70 ára kynni sín af Köldukvísl: „Þessi á hefur mikla steinasögu,“ sagði hún hugsí á svip.

**Guðný:** Gljúfrasteinninn sem þarna er [bendir út um eldhúsgluggann] – hann var fluttur úr gljúfri Köldukvíslar. Húsið Gljúfrasteinn heitir í höfuðið á honum. Pabbi sofnaði einu sinni við steininn þegar hann var 10 ára gamall, hann var að tína ber og þá bjó hann í Laxnesi. Hann dreymdi að Jesú Kristur kæmi út úr steininum. Hann skrifaði um það litla sögu,

*Steinninn minn helgi.* Gljúfrasteinninn skagar ofboðslega hátt upp í vesturátt, stundum er sólin á bak við hann, hvort þetta hefur verið tímasteinn eða hvað? – Síðan var annar steinn í ánni sem pabbi kallaði sófann – steinninn hafði eitthvað snúið sér, maður sá hvað hann var máður. Pabbi var svo hræddur um að steinninn sá væri eitthvað að fara niður í bæ eða niður í sjó, svo hann lét hífa hann upp og hann er í garðinum heima í Gljúfrasteini hjá sundlauginni. – Þessi á hefur mikla steinasögu. Það er steinn í ánni hérna í gljúfrinu beint fyrir neðan, hann er eins og steðji í laginu, ofboðslega stór, það geta kannski þrír staðið á honum. Þegar allt var í lukku og það átti að gera Gljúfrastein að safni og allir voru svo ríkir fyrir hrunið – þá átti að taka þennan stein upp og setja hann í garðinn á Gljúfrasteini, vegna þess að hann var líka aðeins farinn að hreyfa sig. En svo varð ekkert úr því, því bæði fór þjóðin á hausinn og steinninn fór á hliðina. – Það er mikil steinasaga í Köldukvísl, steinar geta orðið svo fallegir, samanber „dropinn holar steinninn“. Það er eitthvað sem áin gerir með sinni stöðugu hreyfingu, sem gerir þá sérstaka og fallega.

Þegar Guðný sagði mér sögur af steinum þínum Kaldakvísl, fannst mér sem hún væri að lýsa sameiginlegum góðvinum okkar. Þessa ársteina þekki ég vel, allt frá kynnum mínum af þeim í barnæsku. Ég man einkanlega hvurnig þeir eru viðkomu, nokkuð sem kallast víst líkamsminni. Ég man hve slípaðir og sleipir steinar þínir voru undir barnsiljum mínum, Kaldakvísl, er ég drap niður barnsfæti á árbotn þinn; ég á straumi þínum mýkt þeirra að þakka. Og heitar voru klappir þínar í sumarækusólinni, þegar ég reisti mig upp á þær vot úr þínu hálfvolga dýpi. Þaðan fylgdist ég með bróður mínum kljúfa yfirborð þitt eins og sundfugl, er hann spyrnti fótum við kletta þína – og ég mændi á litlu systur mína Snæfríði svamla í vatnsbárum þínum eins og andarungi í dögum lífs síns. Hljómþýð voru gljúfur þín, Kaldakvísl, er mögnuðu upp busl og skríkilæti frændsystkina minna sem bjuggu norðan megin í dalnum – sá barnsómur bergmálar enn í endurvarpi æsku minnar. Og í sömu sorfnu gljúfrum þínum stakk sálugi móðurafi minn, Guðbrandur Ásmundsson (1927–2008), sér til sunds í hans löngu horfnu æsku. Nú svamla ég ein í þessari á, í hennar djúpu grjóthlöðnu salarkynnum, fjarri öllum æskuárum.



*5. kapituli: Að sjá á*

Göngur mínar um vatnasvið dalsins hafa kennt mér að maður eygir sérílagi lækina sem maður lék sér við sem barn; hverjum þykir sinn lækur fegurstur. Móðurætt mín kvíslaðist á öndverðri 20. öld eftir Laxneslandinu, þar sem langafasystir mín Helga Magnúsdóttir (1891–1962) ljósmóðir – sú er reið yfir Köldukvísl í ljósmóðurerindum á bílaöldinni – var búsett ásamt manni sínum Einari Björnssyni. Helga léði ættfólki sínu landspildur í Laxneslandinu, gegnt Hraðastaðalandinu – í eilítilli brekku fyrir ofan Laxneslækinn sem rennur úr Skógarbringum og oní Köldukvísl. Þannig myndaðist bústaðabyggð ættmenna minna sem söfnuðust þar saman að sumrum. Langamma mín, hún Eygerður Guðbrandsdóttir (1891–1971), var ein þessara sumardalbúa sem ásamt börnum sínum og síðar barnabörnum dvaldi árlega sumarlangt í litlum svanhvítum bústað með hlöðnum kálgarði, þar sem blóðrauð jarðarber vaxa enn.



Bústaðir þessara ættmenna minna eru horfnir, en eftir standa tóftir þar sem við systkinin byggðum okkur bú í barnæsku okkar, úr spýtum og grjóti. Synd að fræðimenn hafi ekki skráð upplýsingar um bú íslenskra barna í gegnum aldirnar; hve fátægleg er byggingarsaga Íslands án þeirra. Við systkinin vorum með selstöðu við Laxneslækinn, þar sem móðurafi minn Guðbrandur óð sem barn og líka dalaskáldið Halldór Laxness löngu áður – en sá síðarnefndi skrifaði á gamalsaldri óð um lækina og lindirnar í Laxneslandinu í æskuminningum sínum. Og við þann sama sírennandi Laxneslæk úndi móðir mín, Eygerður, lækjasóleyjar í æsku sinni þegar hún dvaldi í sumarbyggð fjölskyldunnar. Merkilegt að ímynda sér mömmu sem barn við þennan fábrotna læk. Og í reynd, merkilegt að hugsa sér mömmu sem húsfreyju á Hraðastöðum í Mosfellsdal. Allt frá því ég var barn hefur mér fundist mamma vera heimsdrottning í dalaríki. Hún mamma mín býr að oríental yfirbragði og höfðingsbrag sem er á skjön við látleysi dalsins. Bakkar Köldukvíslar rúma illa slíka kvenpersónu – mamma hefði heldur átt að búa við stórfjót úti í heimi, líkt og Kleópatra drottning Nílar. Altént, beitarhúsin okkar systkinanna við þennan æskulæk voru hlaðin úr grjóti og kýrnar, nautin, og fénaðurinn voru fagurfúnar spýtur sem við fundum í og við Laxneslækinn, þar sem lækjarlontur dvöldu. Lækur sá er smár en varð ansi vatnsmikill í votviðrum og óvæginn eftir því, líkt og daginn sem ég brynnti þar eftirlætisnautinu mínu, honum Svipdægri, sem var öðrum spýtum fegurri; í einni svipan var hann horfinn, flaut líklega niður lækinn og oní Köldukvísl, þar sem hann drukknaði í barnshuganum. Enn í dag stend ég mig að því að skima eftir Svipdægri er ég geng eftir Laxneslæknum. Þess í stað fann ég eina sumarnótina menjar af málmfötu sem langamma mín notaði til að sækja vatn í lækinn.

Lækir; hugur minn hverfur í sífellu að lækjum þínum Kaldakvísl – hvurs vegna skrifaði ég ekki lækjakver?



Almælt er að gúmmístígvélið hafi markað mestu og bestu lífsgæðaframfarirnar í sveitum Íslands – fótabúnaður sem leysti menn undan því að vera blautir í fætturna, til að mynda þegar þeir óðu ár. En það var önnur síðbúnari uppfinning sem minna vægi hefur í Íslandssögunni, sem opnaði sveitamönnum nýja sýn, nefnilega vatnasýn – sumsé sundgleraugun. Guðbrandur móðurafi minn, skipstjórinn og listmálarinn, var eitt þessara sumardalabarna fortíðarinnar sem óðu yfir Köldukvísl og þveruðu fjöllin á leið sinni á sundnámskeið handan dalsins, í Varmá. Sú kennsla gaf Mosfellsdalabörnum frelsi til að kanna dýpstu heima

Köldukvíslar sem voru ókunnugir öldnum ósyndum dalaönnum í þá tíð. Afi minn synti oft í Köldukvísl sem barn, en hann tregaði að hafa ekki fengið tækifæri í bernsku sinni til að sjá undirheima árinna í gegnum sundgler. Það féll því í minn hlut að greina honum frá þeirri neðanvatnssýn: „Birtan er mildari oní ánni,“ sagði ég honum afa mínum sem barn, í einni af okkar fjölmörgu kvöldgöngum meðfram Köldukvísl, þegar afi og amma komu í heimsókn til okkar í Mosfellsdalinn. „Sólargeislarnir eru sýnilegir oní ánni,“ sagði ég – og þá brosti afi. „En litirnir?“ spurði hann listmálarinn, „hvernig er Kaldakvísl á litinn neðanvatns?“ Síðan hlýddi afi á svar barnsins, eins og listamenn einir geta.

### 6. *kapítuli: Að fylgja á*



Kaldakvísl mín hefur göngu sína á Mosfellsheiðinni þaðan sem hún rennur niður með heiðarjaðrinum, meðfram Grímansfellinu sem einnig gengur undir nafninu Grímarsfell. Í hana renna fjallalækir Grímansfells sem eiga upptök sín 482 metra yfir sjávarmáli; „þess fjalls sem áður hefur vafalítið heitið eftir Grímari, vætti skuggalegra staða“, skrifar Halldór Laxness í grein sinni sem ber hinn hrífandi titil „Lángferðir í heimahögum“. <sup>12</sup> Sennilegt er að heiti Grímansfells eigi rætur sínar að rekja til vættar og þá ekki ósennilegt að það heiti hafi grundvallast á hinu forna norska orði *grim* sem þýðir einkum og sérílagi vatnsvættur eða fossvættur. <sup>13</sup>

<sup>12</sup> Halldór Laxness, *Seisejít, mikil ósköp*, bls. 113.

<sup>13</sup> Sjá um örnefnið Grím: Botolv Helleland, *Stadnamn på Grím-. I: Avdeling for namnegranskning. Årsmelding 1991, Oslo: 1992, bls. 70–75.*



Hvað sem því líður, meðfram vatnsvættafjallinu Grímannsfelli rennur Kaldakvísl að miklu leyti í giljum með tilheyrandi flúðum, en síðan hægist á henni þegar hún rennur um eyrarar neðan Grímannsfells. Þaðan fellur hún í boðaföllum niður gilið við Gljúfrastein og skömmu síðar hefst bugðótt ferð hennar eftir eyrarflatlendi dalsins, meðfram þurrlendinu Víðinum þar sem forðum ríkti mikið vatnaveldi; votlendi vaðfugla dalsins. En það veldi var þurrkað upp af mönnum og skurðgröfum snemmendis á 20. öld „og hefur þessi jarðabót aungum orðið til góðs, en komið hart niður á gaddhestum, mófuglum og öðrum fátækum skepnum sem eru sérstaklega á snærum guðs. Í bernsku minni var þessi dalbotn óslitið eingi,“<sup>14</sup> skrifaði dalaskáldið Halldór um þennan þurrkablett fyrir miðju dalsins þar sem þjóðleiðin liggur nú upp á Þingvelli. Sú þjóðleið lá fyrrum norðan megin í dalnum og ítrekað um Köldukvísl; „var þar í minni æsku vagnfær þjóðleið niður dalinn; áin féll í fimm bugðum um eyrarar svo mjólkurpóstar urðu að aka yfir hana tíu sinnum frá Laxnesi niðri Víðirodda“, skrifaði skáldið – og færir um leið frásögn þessa að mikilvægum vendipunkti í ársögu Mosfellsdalsins, að ármótum Suðurár og Köldukvíslar, við Víðioddarn, nálægt dalsmynninu: „Á veturna fór maður á skautum niður Köldukvísl og upp Suðurána á fullri ferð,“ sagði Bjarni bóndi á Hraðastöðum. „Áður en ég varð táningur og monthani í sjoppu einhvers staðar, þá fórum við á skautum niður árnar,“ sagði Guðný frá Gljúfrasteini.

Kaldakvísl á systurá sem rennur í suðurhluta dalsins, hún heitir Suðurá – en hefur líka skartað heitinu Reykjaá: „Nafnið Kaldakvísl hygg eg upp komið í andstæði við Reykjaá, því hún er volg af hveravatninu, og leggr sjaldan, en hin er

<sup>14</sup> Halldór Laxness, *Seisejú, mikil ósköp*, bls. 112–114.



köld,“ skrifaði 19. aldar dalamaðurinn Magnús Grímsson.<sup>15</sup> Svo samrýmdar eru þessar ársystur að sumir fyrrum dalbúar (aðallega íbúar suðurhuta dalsins að ég tel) kölluðu Köldukvísl Norðurá, uns hún sameinaðist Suðuránni, og var þá sagt að sameinaðar árnar nefndust Kaldakvísl. Sú skýring hljómar eins og þjóðsaga í mínum eyrum, þó sönn sé, því aðaláin sem fellur af heiðinni og rennur norðan megin í dalnum hefur tíðast og mun einlægt vera nefnd Kaldakvísl – og reyndar einnig Kaldaklofsá af einum sálugum sveitunga mínum. Suðuránni hef ég aldrei tengst sérstökum tilfinningaböndum, engu að síður rennur hún skammt frá heimili mínu á Hraðastaðahólum, þó ekki bliki af henni sjálfri í auglýn: „Ég elst upp sunnan megin í dalnum – þannig að ég er miklu tengdari Suðuránni,“ sagði einn nábúi minn mér; í mínum huga hefði hann allt eins getað alist upp í öðrum dal, svo aðskildir eru árreynsluheimar okkar. En Suðuráin er dáfalleg og hún á sér merka sögu. Um aldir runnu heitar vatnsæðar og lækjarsprænur úr hverum sunnan megin í dalnum í Suðurána – og í þeim sömu heitu uppsprettum bökuðu dalbúar brauð sín: „Ég fór alltaf með brauð til þess að baka í hvernum á Norður-Reykjum – hverabrauð. Við notuðum mikið hverabrauð,“ sagði Bjarni bóndi mér. Næringarríkt hveravatnið seytláði oní Suðurána uns menn ákváðu að bora fyrir heitu vatni dalsins og leiða það og þess næringu og varma burt úr dalnum með rörum til Reykjavíkur. Þá þornuðu hverirnir upp af mannavöldum, líkt og votlendi vaðfuglanna í Víðinum fyrrum, og Suðuráin varð köld eins og systurá hennar í norðri. Nú mætast kaldir straumar í ármótunum, þar sem fyrrum sameinuðust volgir og kaldir straumar systuráanna. Þaðan rennur Kaldakvísl áfram niður skarð í Ásunum, úr dalskjafinum niður á flatann upp af Leiruvogi, „þar sem Kaldakvísl fellur úr heiminum út alheiminn,“ skrifaði Halldór Laxness um sjögöngu Köldukvísar.<sup>16</sup>

<sup>15</sup> Magnús Grímsson, „Athugasemdir við Egils sögu Skallagrímssonar“, bls. 263.

<sup>16</sup> Halldór Laxness, *Í túninu heima*, Reykjavík: Vaka-Helgafell, 1992, 2. útg., bls. 33.



### 7. *kapítuli: Að brúa á*

Mosfellsdalurinn gæti allt eins heitið Vatnadalur. Þessi heimadalur minn býr að einni ríkustu vatnasögu allra dala landsins; hann er votur í gegn. Sú saga er ámóta margslungin og vatnasvið dalsins; ár dalsins, uppsprettur, lækir, vatnsból, hverir, náttúruleugar, lækningalind, heiðarvatn, heiðartjarnir, mýrar, pollar, daggardropar, að ógleymdum mjallarfossum fjallanna – þá sírennandi sögu er ómögulegt að festa á blað. Í árþúsundir var sú vatnasaga mótuð af náttúruöflum, uns dalurinn var numinn af dalnámsmönnum sem tóku upp á því að fiska í Köldukvísl og Suðurá og svamla í náttúruleugum dalsins, uns ævi þeirra manna lauk og þeir voru grafnir við árbakka hins nýnumda dals. Frumbýlingurinn Hraði var lagður í haug þar sem Suðuráin rann, áður en hún breytti um

kúrs og skildi við hauginn og Hraða.<sup>17</sup> Egill Mosfellingur Skallagrímsson ku hafa verið grafinn á bökkum Köldukvíslar, allt þar til hann var grafinn upp 10 árum síðar og færður í vígða mold, fjær ánni.<sup>18</sup> En silfrið hans Egils er enn umflotið vatni dalsins þar sem hann fyrirkom því og þrælum sínum.



Það var á þessum þjóðveldisdögum dalsins, þegar Kaldakvísl rann í gegnum skógivaxinn dalinn, sem menn fóru fyrst að ganga *yfir* ána. Fornkonur og fornmennt gengu fyrst yfir Köldukvísl á hrísbrú, samanber heiti samnefnds sveitabæjar á norðurbakkanum. Þegar skógur dalsins var allur og efnivið til brúklegrar brúar þvarr, liðu margar aldir uns brú reis að nýju á sjálfu brúarlandinu, Hrísrúarlandinu. Aðrar brýr komu fyrir til sögunnar, til að mynda hvíta timburbrúin sem ég stóð á einn stunningskaldan vetrarmorgun, þegar ég heyrði fræðimanninn og dalaspekúlantinn Bjarka Bjarnason (f. 1952) þylja upp brýr dalsins á meðan Kaldakvísl rann undir fótum okkar: „Við erum hér komin á brúna yfir Köldukvísl við Mosfell – manni finnst að hún hafi verið mjög lengi hérna, en hún er ekki eldri en það að ég man vel eftir því þegar þessi brú var byggð,“ sagði Bjarki og dró seiminn. Hve söguleg stund, hugsaði ég á hvítmáluðu brúnni þennan morgun þegar dalurinn var snjóhvítur og áin mín bláhvít og frosin, hve söguleg stund að heyra á brúarsögu Köldukvíslar, af vörum manns sem býr að röddu sem streymir eins glatt og áin undir brúargólfinu.

<sup>17</sup> Sveinbjörn Rafnsson, „Fornleifaskýrsla séra Markúsar Sigurðssonar á Mosfelli, dag. 1. ágúst 1817“, *Frásögur um fornaldarleifar 1817–1823*, Reykjavík 1983, bls. 258.

<sup>18</sup> Magnús Grímsson, „Athugasemdir við Egils sögu Skallagrímssonar“, bls. 271. Sjá einnig: *Skrá yfir býli og menningarminjar flokkaðar eftir bæjum*.



Bjarki hefur búið á báðum bökkum Köldukvíslar. Hann ólst upp á prestsetrinu á suðurbakkanum og síðar á norðurbakkanum þegar setrið var flutt yfir ána. Þegar daladrengurinn Bjarki óx úr grasi og varð fullúða dalamaður, kvæntist hann föðursystur minni og leirlistakonunni Þóru Sigurþórsdóttur og saman byggðu þau sér íveruhús Mosfellsmegin við ána. Samband Bjarka við Köldukvísl var hvað dýpst þegar hann var drengur; hann sagði mér það þegar ég hringdi í hann og spurði hvort ég mætti skrá samband hans við Köldukvísl. Þá sat Bjarki í símanum við skrifborðið sitt norðan megin í dalnum, en ég við skrifborðið mitt sunnan megin, og áin rann millum skrifborðanna. Bjarki stakk upp á því að við mættumst í miðri á – á brúnni við Mosfell.

**Bjarki:** Þegar foreldrar mínir fluttu að Mosfelli og faðir minn gerðist prestur hér, þá bjuggum við hér handan við ána [sunnan megin]. Við vorum með fjórtán mjólkandi kýr. Túnin voru hér um allt beggja vegna árinna. Ég og Hilmir (1949–1979) bróðir minn vorum kúasmalar og þurftum oft að sækja kýrnar hér upp eftir, þar sem bærinn Hytta stóð á 19. öld [norðan megin árinna]. Nú er þar kirkjugarður. Þá þótti okkur slæmt að blotna í fæturna og þá tókum við okkur stundum far með kúnum – hoppuðum á bak á þeim sem voru spakastar. Svo kemur upp sú hugmynd hjá foreldrum mínum, séra Bjarna Sigurðarsyni og Aðalbjörgu Guðmundsdóttur, að byggja nýjan prestbústað hinum megin við ána, uppi á gamla kirkjuhólum. Fjölskyldan flutti í húsið árið 1960. Þá þurfti náttúrulega að byggja brú hér yfir ána og það er brúin sem við stöndum nú á. Það var hér brúarflokkur með tjöld heilt sumar að byggja þessa brú yfir að Mosfelli. Árið

1965 kemur síðan Mosfellskirkja, og hananú. – Kaldakvísl getur verið mjög vatnslítill í þurrkum á sumrin, svo getur hún vaxið lygilega mikið miðað við það hvað hún er stutt og miðað við það að hún rennur ekki úr stöðuvatni. Grímannsfellið er hátt fjall, í vatnsveðrum og hláku tíð spretta lækir fram úr hlíðum Grímannsfells af miklum krafti, þá er Kaldakvísl ansi vatnsmikil. En í minningunni var hún vatnsmeiri áður fyrr – skaðræðisfljót. Maður lifði með ánni og þegar hún óx þá var hún virkilegur farartálmi. Maður getur hugsað sér hvað þetta var mikill farartálmi fyrir bændur og fólk í sem bjó norðan megin við ána áður fyrr, ég get bara talið upp bæina, það er; Hrísrú, Minna-Mosfell, og Mosfell, og Laxnes.<sup>19</sup>



Frásögn Bjarka á brúnni sýndi áþreifanlega hvað tengsl hans við Köldukvísl voru djúp þegar hún hindraði ferðir hans í æsku. Á þeim dögum fann Bjarki kunnuglegan kulda árinna þegar hann óð hana, fann dropa hennar á andliti sér þegar hann fór yfir hana á hesti eða belju – og fylgdist með henni streyma í kringum farartækin sem þveruðu ána: „Ég man einu sinni að við vorum að fara yfir á Land Rovernum með pabba og það munaði engu að hann kæmist ekki yfir ána, hún hafði vaxið svo mikið.“ Þessu nána sambandi ár og manns lauk svo þegar áin var brúuð við Mosfell – og Bjarki hóf að ferðast *yfir* ána. Aldrei reifaði Bjarki samband sitt við Köldukvísl með hliðsjón af óteljandi ferðum sínum yfir Mosfellsbrúna, brúna sem hann keyrir yfir daglega á leið sinni til og frá heimili sínu. Er ég heyrði á árminningar Bjarka þennan morguninn á brúnni, rann upp fyrir mér hvurnig brýr tálma samband manna við ár.

<sup>19</sup> Bjarki Bjarnason (f. 1952), viðtal við höfund, Mosfellsdal, 2024.



Eilífar brúartilfærslur einkenna brúarsögu þína Kaldakvísl. Saga sú segir af brúm sem voru reistar og brotnar niður og af brúm sem reistar voru í þeirra stað, á meðan önnur brúarstæði stóðu áfram auð – og gera enn í dag. Kynni mín af brúm þínum hafa sýnt mér að fegurð brúa er ekki bundin við ásýnd þeirra og endingartíma, heldur tengsl manna við brýrnar. Og sá sannleikur kristallaðist fyrir augum mér daginn sem ég var leidd á fund brúar, sem ég tel öðrum brúm fegurri í dalnum; brú sem stóð í einn dag. Þetta er nafnlaus brú sem var reist í nafni framliðins manns sem óð þig, Kaldakvísl, forðum daga. Ég var leidd á fund brúarinnar, vetrarmorguninn á Mosfellsbrúnni, þegar við Bjarki gengum yfir hált brúargólfíð. Þá hikaði Bjarki, stóð í stað á brúnni og horfði niður í straum þinn Kaldakvísl, rétt fyrir ofan Mosfellsbrúna. Hann var að horfa á horfna brú.



**Halldór Laxness, *Innansveitarkronika*:**

Ólafur bóndi [á Hrísbú] geingur frammá hlaðhelluna og spyr:

Hvaðan kemur þú í þessu veðri lapm?

ég kem að sunnan, svarar lítill dreingur.

Og hvert ætlar þú? spyrja þeir.

Ég ætla norður, sagði dreingurinn.

Hver á með þig, spyrja þeir.

Hún Sólrún, sagði dreingurinn.

Og hver er Sólrún, sögðu þeir.

Hún er dáin, sagði dreingurinn.

Hvað ætlar þú langt norður, segja þeir.

Í Eyjafjörð, sagði dreingurinn.

Ratar þú norður í Eyjafjörð?

Já sagði dreingurinn.

Ertu ekki hræddur, sögðu þeir.

Jú sagði dreingurinn.

Veistu ekki að það eru fjórtán dagleiðir með lest norðri Eyjafjörð, spyrja þeir.

Ég er ekki með lest, sagði dreingurinn.

Leiðin liggur yfir verstu vatnsföll á landinu.

Það gerir ekkert til, sagði dreingurinn. Ég er búinn að vaða þrisvar í dag.

Voru ekki árnar okkar hér í sveitinni nógu djúpar handa þér, Kaldaklofs-lækur og Kortúlstaðaá?

Nei, sagði dreingurinn, þær voru bara í háls.

Þá spyr Ólafur bóndi: Við hvað ertu hræddur lapm, ef þú ert ekki hræddur við að vaða uppí háls...

Hvar hefur þú hugsað þér að vera í nótt?

Ég veit það ekki, sagði dreingurinn...

Eftir stundarkorn þreifaði Ólafur heitinn sig til baka frammí bæardyr og bauð Stefáni Þorlákssyni að gista. Hann gisti þar í 20 ár.<sup>20</sup>

**Bjarki:** Áður en þessi brú sem við stöndum á kom hér að Mosfelli, þá var hér einu sinni gerð göngubrú yfir ána. Það var vegna jarðarfara manns sem hét Stefán Þorláksson, hann lést sumarið 1959. Hann er nú þekktur í *Innansveitarkroniku* Halldórs Laxness. Hann stoppaði á Hrísrú og var þar í 20 ár. En hvert var hann að fara? Hann var að fara norður í land en fór aldrei lengra nema á Hrísrú. Það var hann sem gaf eigur sínar eftir sinn dag til byggingar á nýrri kirkju að Mosfelli. – Það var þannig að faðir minn séra Bjarni jarðsöng Stefán frá Lágafelli, það var kirkja sveitarinnar í þá tíð. En hann Stefán vildi hvíla hérna í dalnum því hann ólst upp á Hrísrú og kirkjugarðurinn var alltaf hér í hendi – og jarðað þar frá ómunatíð. En þá þurfti að flytja líkkistu Stefáns upp að Mosfelli og það var mjög erfitt því það voru vegleysur. Þá var byggð göngubrú hérna yfir Köldukvísl svo að líkfylgdin, fólkíð sem vildi fylgja Stefáni hinsta spölinn, gæti farið þurrum fótum yfir ána.

Rík er brúarsaga þín Kaldakvísl; hún býr að minningu um móðurlausan dreng sem óð þig þvera og fann þar sitt heimili; hún býr að minningu um brú sem var byggð yfir þig í hans nafni svo að svartklæddir syrgjendur gátu grátíð hann með þurra fætur. Hve fagurt er ferðalag þitt, Kaldakvísl, frá æsku manna til dauða.

### 8. *kapítuli: Að lifa í á*




<sup>20</sup> Halldór Laxness, *Innansveitarkronika*, Reykjavík: Vaka Helgafell, 1990, bls. 137–141.



Árfarvegir minna um margt á neðanvatnsdali með þörungagrónum fjöllum, túngrænum dalbotnum ríkum af botnseti, svifgróðursskógum og torfdalakotum fiska undir árbökkum. Menn ganga og keyra yfir ár og meðfram bökkum þeirra, en sjaldnast komast menn í tæri við veröld áнна; ganga árfarvegi, dvelja í vatninu, meðal vatnafiska og annarra vatnadýra. Ég hef fetað ótal árfarvegi Íslands að degi sem nóttu til; fetað þá með föður mínum, fiskifræðingnum, allt frá blautu barnsbeini. Á göngum mínum eftir árfarvegum landsins hef ég komist í kynni við ótal fiskistofna – en aldrei hef ég rambað á eins fagra og bljúga fiska og smáu Köldukvíslarurriðana.



Í Köldukvísl ríkja urriðarnir. Ríki þeirra er varið af ófiskgengum fossi í dalsmynninu þar sem ósríki Köldukvíslarlaxanna tekur við. Í augum náttúrunnar eru urriðarnir hinir eiginlegu dalbúar Mosfellsdalsins. Kynslóðir manna, fugla, melrakka og músa hafa komið og farið úr dalnum í aldanna rás – en tilvist Köldukvíslarurriðanna hefur einskorðast við daladrögin frá ómunatíð. Þessi merkilegu vatnadýr eru sköpunarverk Köldukvíslar; hvur dimmleit doppa, hvur rauðleit doppa, hvur fagurskapaður uggi, og hvur straumlaga gulbrúnn urriðabúkur: „Uggajaðrar þeirra eru fannhvítir – eins og hjá bleikjunni,“ sagði pabbi þegar ég sýndi honum forðum fyrsta neðanvatnsmyndskeiðið mitt af Köldukvíslarurriða. „Þeir eru glæsilegir,“ bætti hann við og svo brosti hann. Já, þeir eru glæsilegir, urriðar dalsins, og í ofanálag eru þeir einkar hlýir í viðmóti, um það get ég vitnað.



Kynni mín af Köldukvíslarurriðunum eru af ýmsum toga. Ég eygi kvika tilvist þeirra þegar ég geng á mörkum alheims þeirra, árbökkunum. Og ég fylgist grannnt með atferli þeirra með neðanvatnsmyndavélum sem ég set gjarnan niður á árbotninn. Vatnsheld myndavél er ekki síður merkileg uppfinning en sundgleraugun, því þau tæki opna mannfólki með öllu nýja vatnasýn, öðru fremur á grynningar ána þar sem ógerlegt er að kafa og eygja neðanvatns. En líkt og allir menn sem synt hafa í ám vita, þá geta engin tæki brúað bilið millum mannheima og árheima á sama veg og persónuleg kynni gera.



Samband mitt við urriða Köldukvíslar byggir mestmegnis á samveru okkar neðanvatns, þegar ég syndi í víðfeðmestu vistarverum urriðanna, hyljum árinna. Í þeim hyljum er ég gestur að ofan, en ætíð hefur mér liðið eins og ég sé heima hjá mér. Og þeirri tilfinningu á ég að þakka gestrisni urriðanna sem hörfa ekki undan gesti sínum, heldur bjóða þeir gestinn velkominn með dansi og sporðaslætti, er þeir liðast fyrir augum mér, við hörund mitt, við fingurgóma mína. Aldrei hef ég mætt svo prúðmannlegri háttvísi fiska. Urriðarnir í nágrannavatnakerfunum, til að mynda þeir sem eru í Leirvogsvatni og í Leirvogsa, og urriðarnir sem sleppt var í Geldingatjörnina á heidinni og venlafiskar þeirra Þingvallapursarnir handan heidarinnar – þeir urriðar eru skeptískir á manninn, og réttilega svo; þeir þekkja manninn ekki af góðu einu. En urriðarnir mínir eru svo smáir að engan hungurar í þá. Nýjustu urriðakynslóðir Köldukvíslar hafa aldrei séð glampanði öngul leika í árstraumnum; fyrir þeim er maðurinn saklaus ofanvatnsvera líkt og skýin. Maðurinn stendur fyrir utan vistkerfi þeirra, hann er hluti af lífheiminum fyrir ofan vatnsborðið, þaðan sem ljósið kemur. Og þá

daga þegar sólin vermir strauma Köldukvíslar með geislum sínum og lýsir upp svífandi botnset árinna, þá finnst mér sem urriðarnir kasti á mig þakkarkveðjum neðanvatns, líkt og það hafi verið ég sem beindi geislum sólar að hreistri þeirra; þeir horfa á mig með sínu hæverska augnaráði, svo gapa þeir stimamjúkir.



Ég hef synt með urriðum þínum Kaldakvísl í áraraðir, en ég þekkti þá ekki í reynd fyrr en ég grennslaðist fyrir um forsögu þeirra. Samtöl mín við eldri dalbúa hafa leitt í ljós hve hverfull urriði þinn er, og hve hverful þú ert, Kaldakvísl. Urriðaár hafa það fram yfir laxár að fólki er frjálst að umgangast þær – fólk er ekki skikkað að halda sig í fjarlægð frá ánum á veiðitímabilinu líkt og gjarnt er um laxár. Löngum veiddu dalbúar urriða þína Kaldakvísl, uns umfang þitt og urriðanna minnkaði að stærð fyrir nokkrum áratugum síðan – það vita þeir einir sem hafa upplifað þann breytingatíma: „Það var fiskur í þessari á – stærri en núna, og áin var miklu meiri. Maður sér það bara,“ sagði Guðný Halldórsdóttir sem dró ótal urriða úr hyljum þínum sem barn. Frásagnir eldri dalbúa segja af stærri fiskum, meira vatnsmagni, breyttum árfarvegi og reffilegri árbökkum. – Hvaða öfl eru hér að verki, Kaldakvísl? Hver hefur smækkað fiska þína, rýrt fossa þína og strauma, fært aldinn árfarveg þinn og sorfið árbakka þína? Eða ertu bara stærri í minningunni?



**Guðný Halldórsdóttir:** Við tókum oft með okkur veiðistangir krakkarnir og veiddum frá árbökkunum. Nú eru þeir bakkar sem við sátum á að hrynja ofan í ána og áin orðin pínulítill – miðað við það sem var. Þegar ég var innan við 13 ára þá veiddi ég á hverjum degi fiska sem voru kannski pund. Þabba fannst þeir svo góðir, hann hafði náttúrulega vanist á að borða urriðann úr Köldukvísl þegar hann var krakki. Þabba fannst alveg ofboðslega gott að fá urriðann svona lítinn – hann át hausinn með og spýtti út úr sér beinunum.



**Bjarni Bjarnason:** Jááá það var töluverð veiði í ánni fyrst þegar ég man eftir. Fiskurinn var svolítið gulur ef hann var vænn – þetta var urriðakyn.

**Ég:** Voru þeir stórir?

**Bjarni:** Þeir voru stærri en núna. Það voru engir krakkar hérna nema ég að veiða, það voru engir krakkar á hinum bæjunum eiginlega – ein stelpa á Æsustöðum og hún fór aldrei að veiða. Þetta var svo lítið stundað. Þetta óx upp og urðu svolítið stórir fiskar.

**Ég:** Hve stórir voru þeir?

**Bjarni:** Mjög vel ætir fiskar, við borðuðum oft fisk úr ánni. Ég veiddi alveg niður að Oddsbrekku – ég fór alveg niður undir Leirvogstungu. Það mátti ekki veiða fyrir neðan Tungufossinn, maður þarf leyfi til að veiða lax. – Svo veiddi maður töluvert af ál líka, í Guddulaug og þar í kring í Laxnesi. Við nýttum hann nú aldrei.

**Ég:** Já, auðvitað – að aflokinni sjávangöngu kemst állinn ólíkt laxinum upp fyrir ófiskgenga Tungufossinn í dalsmynninu – álarinn geta farið landleiðina ef þess er þörf, þeir geta andað ofanvatns.

**Bjarni:** Já.

**Ég:** Hvernig veiddir þú álinn?

**Bjarni:** Eins og silunginn, hann beit bara á.



**Bjarki Bjarnason:** Það voru nú ekki stórir fiskar. Ég og bróðir minn Hilmir fórum mjög oft hér niður að á fyrir neðan Hrísbú, þar var góður hylur sem er algjörlega horfinn núna – við kölluðum hann Hrísbúarhyl. Þar gátum við veitt ansi mikið. Manni þótti mjög ævintýrlegt að veiða í Köldukvísl. Þetta voru nú litlir fiskar en okkur þóttu þetta stórir fiskar, ungum drengjum. Einu sinni fórum við saman upp að Helgufossi og þar er náttúrulega mikill hylur fyrir neðan. Þar var hrífuskaftr á bakkanum með smá línu og krók. Við fundum maðka og einn af okkur kastaði út færinu – og það var eins og við manninn mælt, um leið tók fiskur, töluvert stór urriði; að minnsta kosti í minningunni.



**Jóhannes Sturlaugsson (pabbi):** Sumarið 1993 var for úr haughúsi í Laxnesi skolað niður Tungulækinn út í Köldukvísl í svo miklu magni að það olli fiskdauða í Köldukvísl. Mér fannst ég þurfa að rannsaka þetta og ákvað því að skoða urriðana sem drápust og athuga hvað ég fyndi af lifandi smáfiski með rafveiðum. Sú könnun mín skilaði mynd af aldurs- og



stærðarsamsetningu urriðanna í Köldukvísl, en staðfesti líka hverfulleika fiska í návist manna sem huga ekki að tilvistarrétti þeirra.<sup>21</sup>

Þegar hausta tekur ætlum við pabbi að rafveiða meðanvatnsdalbúa þína, Kaldakvísl, mæla lengd þeirra og þyngd og sleppa þeim svo aftur í strauminn. Þá fæst vísindaleg mynd af ríki þínu nú um mundir. Svona nokkuð er tilhlökkunarefni.

### 9. *kapítuli: Að hverfa úr á*

Fyrir botni Hvalfjarðar bjó maður sem talaði við laxa og þeir töluðu við hann – og það sem meira var, þeir skildu hvor annan: „Ég vissi það, Jóhannes – því laxarnir sögðu mér það,“ sagði gamli maðurinn fastlega, þegar pabbi tjáði honum að laxagengdin í Botnsá í Botnsdal í Hvalfirði væri ekki upp á sitt besta þetta árið. Ég var ung að árum, og var þá sem ævinlega að aðstoða pabba minn fiskifræðinginn við rannsóknarstörf hans. Ég sat íklædd vöðlum á bökkum Botnsár, leyfði fótum mínum að dangla í mjúkum straumnum, og lét mér leiðast á meðan pabbi talaði við *enn einn fiskikallinn*. Það var ekki fyrr en ég heyrði orðin: „Ég vissi það, Jóhannes – því laxarnir sögðu mér það,“ að ég sneri mér við og virti fyrir mér öldunginn sem skrafaði við pabba. Orðin „ég vissi það, laxarnir sögðu mér það“ hljómuðu líkt og viðlag af vörum gamla mannsins í samtalinu. Gat það verið? hugsaði ég. Var þessi maður laxahvísleri? Ég las í svipbrigði pabba á meðan samtali þeirra vatt fram, til að ganga úr skugga um hvort hér væri nokkuð um spaug að ræða. En pabbi horfði á gamla manninn ábyggilega, og hann kinkaði kulli til samþykkis hvurt sinn sem orðin „ég vissi það, laxarnir sögðu mér það“ hrundu af vörum þess gamla. Slík viðbrögð af hálfu pabba, fiskifræðingsins, staðfestu orð gamla mannsins fyrir mitt leyti; sá gamli talaði sumsé laxamál. Og þarna á árbakka fyrir botni Hvalfjarðar, fór ég að hugsa af mikilli alvöru um möguleikana sem fólust í því að vera laxtyngdur. Þær hugrenningar leiddu mig fljótt að ósi Köldukvíslar í Leiruvogi; væri mögulegt að fá gamla manninn til þess að koma að ósi Köldukvíslar, og spyryja laxana sem þar dvelja hvurs vegna þeir ganga ekki upp í Mosfellsdal?

**Úr skrifum Magnúsar Grímssonar:** Laxnes heitir bær einn ofarlega í Mosfellsdalnum á norðbakka Köldukvíslar, gagnvart Hraðastöðum. Þar á að hafa verið laxveiði til forna, eins og bæjarnafnið virðist og benda til. Einu sinni bjó þar kerling ein gömul og forn í skapi, en önnur í Leiruvogstúngu sem ekki var eptirbátr hinnar í forneskju. Báðar áttu kerlingarnar veiði í

<sup>21</sup> Jóhannes Sturlaugsson (f. 1964), viðtal við höfund, Mosfellsdal, 2024. Sjá: Jóhannes Sturlaugsson, *Könnun á fiski í Köldukvísl Mosfellsdal í kjölfar fiskdaða í ánni*, 1993. VMST-R/93020.

Köldukvísl. En svo kom, að þær deildu um veiðina, og heituðust útaf henni. Varð Leiruvogstúngu kerlingin ofná í heitúngunum og mælti svo um, að aldrei frammar skyldi lax gánga upp í ána upp í dalinn. Hafa þau álög haldizt æ síðan, og því er engin veiði í Mosfellsdalnum. Svona segir sagan. En sú mun vera orsök til þess, að enginn fiskr gengr upp í ána upp í dalinn, að hjá Leiruvogstúngu, skammt fyrir ofan túnið, fellr áin í gljúfrum nokkrum, og er þar foss í henni býsna hár, sem laxinn kemst að en ekki yfir. Undir fossi þessum hafa Leiruvogstúngumenn opt haft talsverða veiði.<sup>22</sup>



<sup>22</sup> Magnús Grímsson, „Athugasemdir við Egils sögu Skallagrímssonar“, bls. 274. Sjá einnig *Mosalynng. Þjóðsögur úr Mosfellsveit*, ritstjórar Bjarki Bjarnason og Þórdís Edda Guðjónsdóttir, Reykjavík: Sögufélag Kjalarnesþings, 2007.

**Ég:** Hefur þú aldrei veitt lax í Köldukvísl?

**Bjarni Bjarnason:** Nei. Áður fyrr hefur þetta verið laxá því bærinn heitir Laxnes. Svo hækkaði Tungufossinn og þá komst laxinn ekki upp. Fossinn gróf sig niður. Þá gat laxinn ekki stökkið upp fyrir. En á landnámstíð var enginn foss og þá náði laxinn hingað upp í dal.

**Halldór Þorgeirsson í Melkoti:** Í einhverri bók sem ég sá fyrir nokkrum árum, þá hafði Halldór Laxness tengdafaðir minn gert pílu frá orðinu „Laxnes“ og síðan skrifað með blýanti: „Lagðs?“– Ullarlagðs. Ullarnes þekkjum við hérna úr sveitinni, en það var þannig í eina tíð að fátækt fólk bankaði upp á hjá bændum og spurði hvort það mætti hirða ullarlagða sem höfðu fest í birki. Og við vitum að Skógarbringur voru þaktar birki og þar hafa verið ullarlagðar á hverju hausti.<sup>23</sup>



Hvurs vegna staðnæmast laxar þínir við þröskuld dalsins, Kaldakvísl? Hve fátt um svör, hve fátt um svör, og laxahvíslarinn er nú látinn. Hindrar hinn illfæri Tungufoss í dalsmynninu uppgöngu laxanna? Skýrist laxleysið af hömlulausum ádrætti dalabænda í fyrndinni? Eða er það kannski fegurð ósalandisins sem hefur áskapað ósakæra laxa? Inn í laxaríki Köldukvíslar flæðir himinblátt vatn úr dalnum. Vatnið fossar niður hrjúfar flúðir og hlykkjast síðan eins og fingerð

<sup>23</sup> Halldór Þorgeirsson (f. 1960), viðtal við höfund, Mosfellsdal, 2024.

pensilstroka niður með Leirvogstungu, að ósnum þar sem Kaldakvísl verður að endingu sjór. Þetta smáa vistkerfi árinna, sem afmarkast af ófiskgengum fossi í anddyri dalsins og sjálfu hafríkinu, er fagurt fiskaból. Þar drottna laxar Köldukvíslar á sundi sínu milli hylja, bakka, og um saltan ósinn, þar sem flundrur, álar og sjóbirtingar þeim lúta. Hví skyldi lax hverfa burt frá slíku vatnaríki, upp torfæra fossa, upp dalsins grunnu á til að dvelja þar í hennar köldu strjálu innan- sveitarhyljum? Hvarjum laxi þykir sínar hrygningarslóðir fegurstar.



Kaldakvísl í Mosfellsdal er engin laxá, ólíkt Leirvogsánni sem rennur hinum megin Mosfells, í næstu dalskoru, með sín háu gljúfur, ærið djúpu hylji, skessu- katla og fallmikinn Tröllafoss. Ég hef synt á þeim jötnaslóðum, fundið á eigin skinni þung sporðaköst stórlaxanna sem þar dvelja. Og ég hef fundið til smæðar

minnar á sundi með veglegu Köldukvíslarlöxunum í ríki þeirra við ósinn. Nei, sá kafli Köldukvíslar sem nær yfir Mosfellsdalinn gæti ei fóstorað svo stóra laxa. Engu að síður spannaði laxaríki Köldukvíslar alla leið að jaðri Mosfellsheiðarinnar í grárri forneskju, þar sem það staðnæmdest við fald Helgufoss. Laxar nútímans þekkja ei þá sögu, þeir vita ekki hvaða fornu laxaból bíða þeirra fyrir ofan ófiskgenga fossinn í mynni Mosfellsdals. Laxalykt fornlaxanna er löngu horfin og eftir stendur aðeins minnisvarði um fortúðardvöl þeirra í dalnum, Laxnesbærinn – eða voru laxarnir máske aldrei hér, bara sauðkindin við Lagðsnes?

En ég spyr: Eru laxar óssins ekki forvitnir? Búa þeir ekki að dirfsku og útrásarþörf, líkt og önnur dýr eylandsins? Það tel ég fyrir víst, ef merkja má vitnisburð nággranna míns, veiðimannsins og hornleikarans Þorkels Jólssonar (f. 1952) í Túnfæti í Mosfellsdal. Þorkell tjáði mér að hann hefði eitt sinn eygt fimm punda lax vel fyrir ofan ófiskgenga fossinn í mynнинu, við ármót Köldukvíslar og Suðurár: „Það er nú ástæða fyrir því að bærinn heitir Laxnes,“ sagði Þorkell og gaf frá sér snubbóttan hlátur að sveitamanna sið.



Ég velti fyrir mér nú, er ég horfi út um gluggann á Köldukvísl mína í klakaböndum, hvort undir ísnum sé að finna einmana lax á urriðaslóðum? Og ég velti vöngum yfir því hvað slík laxaför hefði í för með sér í vatnasögu nútímans. Ófiskgengir fossar hafa undanfarin ár sinnt hlutverki virkisvegga íslenska ferskvatnsríkisins, því fossar þeir tálma för norskra sjókvíaeldisskrímsla upp íslenskar ár. Norskir erfðabreyttir sjókvíaeldislaxar sleppa þráfaldlega úr götöttum sjókvíum við Íslandsstrendur. Frjálsir í hafinu renna norsku eldislaxarnir á íslensku laxalyktina sem streymir niður Íslandsár og oní sjó. Og líkt og hin fornu sjóskrímli ganga hinir manngerðu norsku eldislaxar upp íslensku árnar með sína sjúkdóma og erfðaefti og taka þar þátt í hrygningu villta laxins. Köldukvíslarlaxarnir synda nú óvarðir í ríki sínu sem opnast á haf út; ríki þeirra er skjóllaust gegn ágengni hinna norsku sjókvíaeldislaxa. En virkisfoss Köldukvíslar í dalsmynninu hindrar komu ókindanna í dalinn minn – um sinn.

*10. kapituli: Að fanga á*



Hví leggja vatnafræðingar sig ekki fram við að skrá fagurfræði vatnavistkerfa? Eru slík fræði ekki mælanleg? Hví skrá þeir vísindamenn ekki speglun, neðanvatnsbirtu, litbrigði, formgerð og lyktarheim áнна? Ég handlék eitt sinn bók sem hafði að geyma alla fuglasöngva heimsins, sem sérvitringur einn festi í nótnaform. Hví fanga vatnafræðingar ekki hverfular nótur áнна – þessa síbreytilegu vatnasinfóníu náttúrunnar sem ómar hvað hæst í vatnsveðrum? Vatnið slær engar feilnótur.



Fagurfræði Köldukvíslar er alltaf nálæg mér, líkt og ásjóna hennar þessa stundina þegar ég mæni á hana út um gluggann, eða ískliður hennar í morgun sem ég festi í minni mér þegar ég gekk upp með henni og niður. Að ógleymdri fegurð hennar undir fótum mér þegar ég veð hana: Fagur er árbotn þinn, Kaldakvísl, líkt og málverk – ég stíg varlega niður, svo ei raskist þínir litir, strúktúr, áferð; þinn lífheimur.



Fagurfræði Köldukvísar er mér þó hjartfölgust þegar ég er oní ánni og hún umvefur mig algerlega; þegar ég finn kulda hennar streyma inn í mig. Árkuldi strýkur ekki hörund líkt og hiti og velgja gerir; heldur smýgur kuldinn inn í líkamann og yfirgefur mann ekki fyrir en maður er kominn upp úr ánni – þegar ég er komin heim í Kaldakot, þar sem kuldinn liðast úr mér í forni vatnsgufu. Þá stundina finnst mér sem ég hafi tekið hluta af ánni með mér heim. Í þessum skrifuðum orðum dinglar í árstraumnum vatnshitamælir sem ég setti í Köldukvísl, og nemur hita hennar og kulda, en mælir sá mun aldrei fanga tilfinningar þeirra lifandi vera sem nema þau hitabrigði á eigin skinni.





Það sem lifir í Köldukvísl er einn mikilvægasti hlekkurinn í fagurfræði hennar; sérílagi urriðinn og hans rauðgulu hrogn, hans fingerðu seiði, hans tígulegu sporðaköst, fagurmálað mynstur og straumþýtt lundarfar, sem ég hef lagt mig fram við að fanga á kvikmyndaformið, líkt og vatnið. Ég varðveiti þær hreyfimyndir í möppu í tölvunni minni, við hliðina á möppu þar sem ég geymi ártóna Köldukvíslar sem ég tók upp með neðanvatnshljóðnema. Möppurnar heita: „Kaldakvísl í mynd“ og „Hljóðheimur Köldukvíslar“. Þannig rennur Kaldakvísl í tölvunni minni, í möppum. En nú sé ég að þörf er á að staldra við í áfrásögninni. Í þessum skrifum mínum hef ég einkum beint sjónum að fegurðinni sem býr í látleysi árinna, en samt tókst mér næstum því að gleyma einni hógværustu fegurð hennar, hornsílunum og fagursmáum hreiðrum þeirra sem hængurinn smíðar að sumri. Þannig getur árfegurðin stundum farið fram hjá manni. Og árfegurð getur líka horfið, hún er fallvölt, líkt og önnur smíði náttúrunnar. Með straumum Köldukvíslar liðast nú syndir manna, plastflöskur án flöskuskeyta og mjallhvít baggaplöst sem minna um margt á svifplöntur í árstraumnum. Baggaplastplöntur þær geta reyndar verið fallegar í ósæmandi ljótleika sínum þegar þær hlykkjast í ísilagðri ánni að vetri til.



Þó svo að fagurfræði Köldukvíslar sé einatt nærri, þá láta fáir dalbúar samtímans sig hana varða, en það gera Guðný Halldórsdóttir og maðurinn hennar Halldór Þorgeirsson.


**Guðný Halldórsdóttir:** Við fórum og þrífum upp úr ánni ég og Dóri. Við tókum kerruna okkar, fylltum kerruna af drasli; af gömlum girðingum og allskonar rusli sem að hafði fokið úr einhverjum gámum sem eru þarna upp frá, girðingarrusl og plast, og allskonar drasl. Þetta var full kerra sem við tókum úr ánni. – Ég held ég hafi nú ekkert meira að segja um þessa elsku á, nema hvað mér þykir vænt um hana.

*11. kapituli: Að vera á*

Magnús Ólafsson, sem ýmsir nefndu Laxness-Manga, var mæddur maður og þoldi varla að gera neitt að gamni sér eða hlusta á hlátra. Þegar hann var ögn hýr, sagði hann klökkur: „Alvarleg átök hef ég liðið og vil ekki óska neinum að eiga þau slík eftir.“ Hann bar og merki þeirra átaka til æviloka, er hann dró 18 ára gamla efnisdóttur andvana upp úr svellaðri Köldukvísl.<sup>24</sup>

Allt frá landnámstíð hafa menn búið í Mosfellsdal og allt frá þeirri tíð hafa dalbúar drukkið Köldukvísl úr farvegum hennar og síðar meir úr veiturörum sem þiggja vatn sitt úr lindum á vatnasviði hennar. Það er almennt á vitorði fólks að maðurinn er 60% vatn. Staðreynd sú sýnir að dalbúar hafa alla tíð verið 60% Kaldakvísl. Innbornir dalbúar hófu lífssund sitt í móðurhryljum Köldukvíslar, er þeir flutu um í legvatni mæðra sinna sem átti upptök sín í Köldukvísl. Og sem ungbörn sugu þeir lífslindir árinna úr brjóstum mæðra sinna. Um aldir hefur Kaldakvísl streymt um æðar dalbúa, og streymir enn, uns þeir skila vatninu af sér. Lindir dalbúa eru þannig hluti af vatnakerfi dalsins.

<sup>24</sup> Eyjólfur Guðmundsson, *Lengi man til lítilla stunda*, bls. 164.




Einar eru þó lindir dalbúa sem eru mér efst í huga nú við endalyktir ársögu minnar. Það eru táralindir dalbúa. Ætla má að dalbúar hafi frá landnámi fellt Köldukvíslartár á dagsgrunni – altént smæstu dalbúarnir sem búa einatt að virkustu tákirtlunum. Það er að vísu erfitt að færa sönnur á vegna þess hve táralindir manna þorna fljótt upp, og þær skilja ekki eftir sig skorninga líkt og aðrar lindir náttúrunnar, nema þá kannski í sálum manna. Kaldakvísl hefur runnið óteljandi sinnum niður vanga mína á lífsleiðinni, niður sama tárfarveginn, án þess þó að skilja eftir sig ummerki. Það var ekki fyrr en andkalda haustdaginn þegar afi minn og árbróðir, Guðbrandur Ásmundsson, var jarðaður á bökkum Köldukvíslar í Mosfellskirkjugarðinum, að tár mín ristiu mig sorgarrúnum. Áður en ég hélt í útförina hans afa lagði ég leið mína að Köldukvísl, þar sem við afi gengum í áraraðir með og á móti straumnum. Ég kraup á kné og saup tæra Köldukvíslardropa í dögum. Dropa þá tárfelldi ég síðdegis yfir moldu afa. Ég man ei grátóm syrgjendanna, greftrunarorð prestsins, eður hvort kirkjuklukkurnar hringdu – en ég man enn niðinn frá Köldukvísl sem rann skammt undan opinni gröf afa, á leið sinni til sjávar. Hún raulaði vatnasálm honum til heiðurs, barninu sem synti í henni í fyrndinni og gamlingjanum sem fetaði bakka hennar í ellinni. Sú vatnsprungna kveðjustund færði mér huggun þá, að dag einn nyti ég lokahvíldar við hlið afa á bökkum Köldukvíslar; að dag einn yrði ég eilífðarelf. – Já, dalurinn býr að mörgum táralindum. Ein er þó sú táralind í dalnum sem er öðrum lindum hljómmeiri, það eru tárin sem fossuðu í hjartanu á honum Laxness-Manga. Fallhæð þeirra tára er svo mikil að þau falla enn – því Laxness-Mangi missti dóttur sína í eilífðarstrauminn, þaðan sem hann dró hana upp andvana.

**Bjarni Bjarnason:** Það druknaði stúlka í Köldukvísl – á milli Laxness og Hraðastaða. Faðir minn hjó ártalið hennar í stein í ánni. Ég held hún hafi verið 16 ára – eða var hún búin að lifa í 18 ár? Hún var að koma frá Reykjum heim að Laxnesi. Ef þú skoðar steininn fyrir neðan Laxnesbrúna þá sérðu stafina sem pabbi hjó; hann hjó stafi stúlkunnar og sína stafi, í steininn, þegar hann var ungur. Margir sáu eftir þessari stúlku. Kvæðið *Nú ríkir kyrrð í djúpum dal* var ort um þessa drukknuðu stúlku. Bóndinn í Helgadal í Mosfellsdal, Magnús Gíslason (1881–1969), orti þetta ljóð.

Nú ríkir kyrrð í djúpum dal,  
þótt duni foss í gljúfrasal,  
í hreiðrum fuglar hvíla rótt,  
þeir hafa boðið góða nótt.

Hve víða liggja ártaumar þínir í lífsferli manna, Kaldakvísl.



Dalrún Kaldakvísl, Mosfellsdal, 26. febrúar 2024.

